

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum – þrep 1

Reynsluheimur

Áttað sig á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
Áttað sig á mikilvægi þess að sýna öðrum umhyggju og sáttfýsi.
Áttað sig á samhengi orða, athafna og afleiðinga.
Áttað sig á að Ísland er eyja og geri sér grein fyrir mikilvægi samskipta við aðrar þjóðir.
Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.
Aflað sér upplýsinga sem tengjast viðfangsefni greinarinnar hverju sinni.
Gert sér grein fyrir gildi og áreiðanleika upplýsinga sem aflað er.
Rætt um viðfangsefni greinarinnar hverju sinni og notað valin hugtök.
Gert sér grein fyrir því hvernig náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa, til dæmis náttúruhamfara.
Sagt frá hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
Rætt um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú og hvað hafði helst áhrif á þá þróun.
Fengið tækifæri til að skoða muni og myndir frá fyrri tímum.
Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.
Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
Sagt deili á nokkrum frásögnum kristni og annarra trúarbragða einkum í nærsamfélaginu.
Sagt deili á nokkrum hátíðum kristni og annarra trúarbragða einkum í nærsamfélaginu.
Rætt muninn á trúar- og lífsviðhorfum á milli mismunandi trúarbragða.
Rætt dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið og trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar.
Áttað sig á mikilvægi fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
Þekkt hugtakið lýðræði og viti að það er lýðræði á Íslandi.
Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir í samfélaginu. T.d. Alþingi Íslendinga Stjórnarráðið, Ráðhús/stjórnsýsluhús.
Áttað sig á mikilvægi samhjalpar í samfélaginu og taki þátt í samhjáparverkefni t.d. jól í skókassa.
Gert sér grein fyrir að eigin neysla kostar peninga.
Varast hættur á heimili sínu og nágrenni.

Hugarheimur

Sagt frá sjálfum sér, t.d búsetu, uppruna, fjölskyldusiðum og venjum.
Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
Bent á fyrmyndir sem hafa áhrif á hann.
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum s.s. gleði, sorg og reiði.
Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
Sett sig í spor annarra jafnaldra.
Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

Félagsheimur

Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir og sýnt skoðunum annarra virðingu.
Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
Sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
Þekki til Barnasáttmála Sameinu þjóðanna.
Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.